



Umboðsmaður Alþingis
Pórshamri, Templarasundi 5
110 Reykjavík

Akureyri 14.06.2023

Efni: Upplýsingar um viðbrögð Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra við þeim ábendingum og tilmælum sem sett eru fram í skýrslu Umboðsmanns Alþingis vegna OPCAT eftirlits með fangageymslum lögreglu.

Með bréfi dags. 21.12.2022 barst embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra skýrsla umboðsmanns Alþingis, dags. 21.12.2022 vegna heimsóknar á grundvelli OPCAT-eftirlits í fangageymslum lögreglustjórans á Norðurlandi eystra 23. og 25. maí 2022. Í bréfinu er þess óskað að upplýst verði um viðbrögð lögreglustjórans á Norðurlandi eystra við þeim ábendingum og tilmælum sem sett eru fram í skýrslunni sem og um aðrar aðgerðir sem talið er tilefni til að ráðast í vegna þeirra. Þá var þess óskað að upplýsingar um viðbrögð lögreglustjórans og stöðu mála berist skrifstofu umboðsmanns eigi síðar en 1. júlí 2023.

Bréf þetta er ritað af því tilefni og er hér farið yfir viðbrögð embættisins við ábendingum og tilmælum í skýrslunni.

I. Kafli 4 Inngrip, þvinganir og valdbeiting

Undir þessum kafla beindi umboðsmaður tveimur tilmælum til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, að:

- *Endurskoða framkvæmd myndvöktunar þannig að metið sé í hverju tilviki fyrir sig hvort ástæða sé til að láta handtekinn mann eða gæsluvarðhaldsfanga sæta stöðugri myndvöktun. Taka verður tillit til aðstæðna hverju sinni.*
- *Tryggja þarf að handteknir einstaklingar sem vistast í klefum með myndvöktun í eftirlits- eða öryggisskyni séu upplýstir þar um með fullnægjandi hætti, s.s. með merkingum inni á klefum.*

Lögreglustjórnirinn á Norðurlandi eystra bendir á að það geti skapað frekari tortryggni ef lögregla velur hvenær upptaka á að vera á og hvenær ekki. Myndvöktun er gerð vegna öryggis- og verndarhagsmuna hins vistaða og á ekki síst að tryggja að meðferð fanga sé í samræmi við lög og alþjóðlegar skuldbindingar. Þá getur myndvöktun varpað ljósi á öll atvik við vistun fanga og er mikilvægt öryggistæki fyrir fanga. Myndvöktun er ekki viðhöfð þar sem fongum er gert að afklæðast vegna líkamsleitar og er ekki beint að hreinlætisaðstöðu. Í verklagsreglum embættisins um fangavörslu er kveðið á um að þurfi fólk að afklæðast vegna líkamsleitar skuli það gert í biðklefa þar sem engin myndvöktun fer fram sé það mögulegt.



Þá hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til þess að setja upp merkingar inni í klefum um myndvöktun.

II. Kafli 5 Aðbúnaður i fangageymslum

Undir þessum kafla beindi umboðsmaður fjórum tilmælum og tveimur ábendingum til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, að:

- *Gera þarf handteknum mönnum kleift að sjá hvað tímanum líður meðan þeir dvelja í fangaklefum, m.a. svo þeim sé unnt að gæta að réttindum sínum í tengslum við lengd vistunar.*
- *Að leitað verði leiða til að gera handteknum einstaklingum kleift að stýra lýsingu inni í klefum í fangageymslunni, óháð því hvort einnig verði hægt að stýra þeim að utan eins og nú er, þ.m.t. í öryggisskyni.*
- *Taka þarf staðsetningu bjallna í klefum til skoðunar m.t.t. þess hvort hægt sé að gera þær aðgengilegri vegna sérþarfa fólks með hreyfihamlanir og mismunandi ástands vistaðra, s.s. vegna ölvunar eða annars vímuástands.*
- *Með tilliti til öryggis er rétt að fjarlægja eða skipta út oddhvössum snögum af fangagangi.*

Ábendingar:

- *Hvort bæta megi aðbúnað í því skyni að sporna gegn kulda í klefum, bæta loftgæði og takmarka hljóðbærni á milli klefa.*
- *Hvort þörf sé á að útbúa a.m.k. eina hreinlætisaðstöðu með tilliti til öryggis, s.s. þannig að skipt sé út salerni, vaski og sturtu og komið fyrir stálvaski og öryggissalerni sem og sturtu með innbyggðum blöndunartækjum*

Þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að vistaður einstaklingur sjái á klukku og verða klukkur hengdar upp á fangagangi þannig að fangi geti séð hvað tímanum líður líti hann út um lúguna á hurðinni. Útilokað er talið að koma fyrir klukku inni í klefum að mati embættisins þar sem þær fengju líklega ekki að vera í friði. Skipt hefur verið um snaga á fangagangi og kúlulaga snagar settir upp í stað þeirra sem voru áður. Hitakerfi í klefum hafa verið yfirfarin og endurbætt og í endurbættum verklagsreglum er fangaverði gert skylt að kanna stöðu á hitamælum fyrir viðkomandi klefa áður en vistun hefst og tryggja að viðunandi hitastig sé í kleanum. Hljóðbærni er ekki talin óeðlileg en erfitt er að bregðast við því þegar fangar eru háværir og berja í hurðar, slíkt hefur ávallt hávaða í för með sér.

Varðandi tilmæla um stjórnun lýsingar inni í klefum og að lækka þurfi bjölluhnappa heyra slíkar framkvæmdir undir Framkvæmdasýsluna-Ríkiseignir og mun embættið óska eftir því að endurbætur á klefagangi komist að í fjármálaáætlun. Það sama gildir um ábendingu um að útbúa hreinlætisaðstöðu með tilliti til öryggis og aðgerðir til að bæta loftgæði, slíkar framkvæmdir heyra undir eiganda fasteignarinnar, sem er Framkvæmdasýslan-Ríkiseignir.



III. Kafli 6 Vistun handtekinna barna

Undir þessum kafla var þeim tilmælum beint til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra:

- *Að gæta þess að verklag við vistun barna taki mið af þeim sérstöku sjónarmiðum sem eiga um þau, m.a. þegar kemur að vali á vistunarklefum.*
- *Að útbúið verði, eftir atvikum með atbeina ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneytisins, sérstakt upplýsingablað fyrir börn sem vistast í fangageymslu, á skýru og einföldu máli sem hæfir aldri þeirra og þroska, og þeim eftir atvikum veittar samhliða skýringar munnlega.*

Ábendingar:

- *Með atbeina dómsmálaráðherra að taka til skoðunar og meta hvort aðbúnaður á lögreglustöðinni á Akureyri sé viðunandi með tilliti til vistunar barna og ungmenna og þeirra sérsjónarmiða sem eiga þar við.*

Í kaflanum er fjallað um að þar sem úrræði á borð við Neyðarvistun Stuðla, meðferðarstöðvar ríkisins fyrir unglinga, er ekki starfrækt á Akureyri eru handtekin börn vistuð í fangageymslu lögreglunnar. Á það er bent að þeir einstaklingar sem voru vistaðir á umræddu tímabili undir 18 ára aldri hefðu ekki verið vistuð á Stuðlum vegna aðstæðna í málum þeirra. Þá er fjallað um að klefarnir eigi að vera með betri aðbúnaði t.d. hlýlegri svefnaðstöðu þegar börn eru handtekin. Verklagsreglum embættisins um fangavörslu hefur þegar verið breytt þannig að þegar börn eru vistuð þá eru stærri klefarnir notaðir sé það mögulegt, líkt og verið hefur venjan og hafa börn jafnframt aðgengi að rúmfatnaði verði ekki talin hætta á að þau skaði sig á honum.

Þá hefur því verið komið á framfæri við ríkislögreglustjóra að útbúið verði samræmt upplýsingablað fyrir börn sem vistast í fangageymslum.

Varðandi ábendingu um aðbúnað á lögreglustöð þá er samtal um slíka skoðun hafið við dómsmálaráðuneytið.

IV. Kafli 7 Gæsluvarðhaldsvistun

Undir þessum kafla beinir umboðsmaður þeim tilmælum til dómsmálaráðherra að skýra ábyrgð á vistun gæsluvarðhaldsfanga og skráningu þar að lútandi við þær aðstæður að hann er enn í haldi lögreglu og bíður flutnings í fangelsi. Þá er þeim tilmælum beint til Fangelsismálastofnunar og lögreglustjórans á Norðurlandi eystra:

- *eftir atvikum með aðkomu dómsmálaráðherra, að skýra ábyrgð og verklag við vistun og flutning gæsluvarðhaldsfanga*
- *að bæta verklag um vistun gæsluvarðhaldsfanga þannig að gæsluvarðhaldsfangi sé fluttur án tafar í viðeigandi fangelsisúrræði.*
- *Því jafnframt komið á framfæri við LSNE, FMS, RLS og DMR að aðstaða í fangageymslu lögreglunnar á Akureyri uppfyllir ekki þær kröfur um aðbúnað sem gerðar eru til vistunar gæsluvarðhaldsfanga.*



Í kaflanum er fjallað í löngu máli um úrræði sem er á ábyrgð Fangelsismálastofnunar. Í 5. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016 segir: *Fangelsismálastofnun sér um fullnustu refsinga...*, þá segir í 2. mgr.: *Fangelsismálastofnun hefur umsjón með rekstri fangelsa*. Í ákvæði 2. gr. um skilgreiningar segir í 7. tl.: *Fangelsi: Stofnun þar sem vistaðir eru þeir sem afplána refsingar eða sæta gæsluvarðhaldi*. Þá segir í 17. gr. um vistun í fangelsi: *Í fangelsi er sá vistaður sem dæmdur er til fangelsisrefsingar, afplánar vararefsingu fésekta eða sætir gæsluvarðhaldi*. Það er óumdeilt hvert hlutverk Fangelsismálastofnunar (FMST) er og að gæsluvarðhaldsfanga skuli vista í fangelsi á þeirra vegum nema undantekningar 3. og 4. mgr. eigi við. Embættið telur ekki sanngjarnt að það sé látið bera ábyrgð á þeirri ákvörðun Dómsmálaráðuneytis að loka fangelsinu á Akureyri og bjóða þar með ekki lengur upp á gæsluvarðhaldsvist nema á Hólmsheiði í 400 km fjarlægð. Fangelsinu var lokað formlega í september 2020. Ákvörðun um lokun fangelsisins var tekin í júlí 2020 þegar allir starfsmenn voru í sumarfríi. Þá kemur fram í skýrslu umboðsmanns að enginn gæsluvarðhaldsklefi sé nú í umdæmi lögreglustjórans og bendir embætti lögreglustjóra á í því ljósi að það sama gildir um allar lögreglustöðvar á landinu enda er úrræðið *gæsluvarðhald* ekki á ábyrgð lögreglustjóra heldur fangelsismálastofnunar og lögreglan á ekki að vera með gæsluvarðhaldsklefa í húsnæði sínu, slíkir klefar tilheyra fangelsum landsins.

Grundvallaratriði er að þegar fólk hefur verið úrskurðað í gæsluvarðhald er það á ábyrgð FMST. Lögreglustjóri hefur upplýst umboðsmann um að Dómsmálaráðuneytið hafi við ákvörðun um lokun fangelsisins ákveðið að embættið ætti að byggja vistanir á gæsluvarðhaldsföngum á undanþáguheimildinni. Því mótmælti embætti lögreglustjóra og kvað það ekki verða gert enda mætti efast um að gætt yrði að réttindum fanga við slíkar vistanir. Embætti lögreglustjórans mótmælti jafnframt lokun ríkisfangelsisins harðlega og þessi rök vógu þungt að embættið mætti ekki missa gæsluvarðhalds úrræðið úr umdæmi sínu og þá hvorki aðstöðuna né starfsemina þ.e. þjónustu við fangana. Á það var ekki hlustað.

Í endurbættum verklagsreglum embættisins um fangavörslu og meðferð handtekinna eru fyrir mæli um að ef sinna þarf fanga sem hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald skal skrá áfram í handtökukerfi LÖKE alla umsjón og aðstoð við fangann. Óskað var eftir því við ríkislögreglustjóra að nýjum málseiningum yrði bætt inn í LÖKE til að einfalda utanumhald við fanga sem sæta gæsluvarðhaldi eða bíða afplánunar. Þannig megi aðgreina vistun hjá lögreglu og þegar beðið er flutnings í fangelsi. Ríkislögreglustjóri hefur unnið að lausn málsins sem var talið tæknilega flókið en nú stefnir í að bætt verði inn bókunarmöguleikum í handtökukerfið til að leysa þennan þátt. Vonir standa til að því verði lokið innan skamms.

Þá er kveðið á um það í verklagsreglunum að í öllum tilvikum þegar flytja þarf gæsluvarðhaldsfanga eða afplánunarfanga í fangelsi fyrir sunnan skuli setja inn málseininguna *Lögreglufylgd-fangaflutningur*. Þannig verður tryggt að bókað sé um flutninginn, með hvaða hætti viðkomandi var fluttur, af hverjum, hvenær ofl.



Í kaflanum er fjallað um flutning og ábyrgð og því fyrirkomulagi lýst að lögregla sjái almennt um flutning gæsluvarðhaldsfanga. Lögreglan telur gæsluvarðhaldsfanga á ábyrgð FMST eftir úrskurð en FMST telur að flutningur eigi að vera í höndum lögreglu. Vafasamt er að setja fanga og lögreglu í þau spor að þurfa að aka í 5 klst. til Reykjavíkur í ýmsum aðstæðum með mann í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknarhagsmuna. Hagsmunir fangans og mannréttindi fela það í sér að eðlilegra er að FMST sjái um slíkt. Þá er ekki líku saman að jafna að vísa til flutningsfanga frá Suðurnesjum, Selfossi eða Akranesi þar sem vegalengdir eru mun styttri. Þetta fyrirkomulag er í ólestri eftir að ákvörðun var tekin um að loka fangelsinu og þrátt fyrir að embætti lögreglustjóra hafi reynt að ná samkomulag við FMST eru flutningsmálin óleyst. Alltaf er tilkynnt í tæka tíð um væntanlegan gæsluvarðhaldsfanga. Sama vandamál er við flutninga á afplánunarföngum sem FMST óskar eftir við lögreglu að verði handteknir í umdæminu og komið í afplánun. Fangelsismálastofnun neitar einnig að taka ábyrgð á flutningi þeirra og lögreglan situr uppi með verkefnið.

Þá er fjallað um aðbúnað gæsluvarðhaldsfanga en embætti lögreglustjóra hefur ekki aðgang að gæsluvarðhaldsklefa eðli málsins samkvæmt enda rekur embættið ekki slíkt úrræði heldur FMST. Embættinu þykir miður hversu fálega FMST hefur tekið í samstarf með þá sem hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald og boðaðir í afplánun en FMST hefur krafist þess að lögregla afhendi þá á Hólmsheiði. Það stendur ekki til að embætti lögreglustjóra reki gæsluvarðhaldsúrræði og því ljóst að gæsluvarðhaldsfanga á ekki að vista í fangageymslum lögreglu. Það á aðeins við á meðan flutningur er undirbúinn en hann hefur verið í höndum lögreglu. Það kann hins vegar að breytast.

V. Kafli 8 Starfsfólk

Undir þessum kafla var eftirfarandi tilmælum beint til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra:

- *Eftir atvikum í samstarfi við ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðherra að tryggja viðunandi þjálfun, fræðslu og sí- og endurmenntun afleysingamanna í lögreglu svo þeir hafi þekkingu á helstu mannréttindaviðmiðum og löggjöf, valdbeitingaraðferðum og skyndihjálpi, ekki síst í ljósi skyldna sem lögregla hefur við vistun handtekinna.*

Þegar afleysingamenn koma til starfa hjá embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra er þeim skylt að sitja fjögurra daga námskeið fyrir nýliða. Á námskeiðinu er umsjón og umsýsla með fanga hluti af námsefninu, umgengni við þá, samskipti og framkoma. Þá fara lögfræðingar embættisins yfir skilyrði handtöku, réttarstöðu handtekinna, mannréttindi og löggjöf um handtökur og fangavörslu. Nýliðum er einnig kynntar verklagsreglur embættisins um fangavörslu og meðferð handtekinna. Fræðsla miðar að því að tryggja öryggi fanga og starfsmanna og kynna nýliðum réttindi fanga. Í námskrá embættisins eru einnig reglulegar æfingar í viðbrögðum við alvarlegum veikindum fanga þar sem bráðaviðbrögð eru æfð. Afleysingamaður sem sinnir fangavörslu starfar undir stjórn og leiðsögn aðalvarðstjóra. Embættið telur sig með framangreindu fullnægja skilyrðum um þjálfun og fræðslu afleysingamanna sinna.

VI. Kafli 9 Heilbrigðisþjónusta



Undir 9. kafla er fjórum tilmælum beint til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra:

- *Að tryggja að þeim sem vistaðir eru í fangageymslu sé kunnugt um rétt þeirra til að fá lækni kallaðan til. Þá verður að tryggja að fram fari einstaklingsbundið mat á þörf fyrir viðveru lögreglu í læknaviðtölum.*
- *Að gera ráðstafanir til að frelsissvipting girði ekki fyrir að handteknir menn geti fengið bráðnauðsynlega heilbrigðisþjónustu. Liður í því er að fyrir hendi sé nægjanleg þekking til að meta hvort heilsa hafi áhrif á vistun handtekings manns og þar með hvort þörf sé á sérstökum ráðstöfunum, eins og lyfjagjöf eða flutning á heilbrigðisstofnun.*
- *Að efla samvinnu við geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri og fylgja eftir áformum um gerð verklags í tengslum við lögbundin verkefni á sviði löggæslu og heilbrigðisþjónustu sem hafa snertifleti við báðar stofnanir. Í því sambandi er hér höfð í huga heilbrigðisþjónusta við handtekna menn.*
- *Eftir atvikum með atbeina ríkislögreglustjóra, að kynna sér uppfærða skráningarmöguleika um frávík í fangageymslu lögreglu og tryggja að skráning þar um sé í réttu horfi.*

Í kaflanum er fjallað um að viðvera lögreglumanna í læknisskoðunum sé ekki óalgeng og bent á að læknisskoðanir eigi að fara fram án þess að lögreglumenn sjái eða heyri til. Á það er bent að vegna öryggis læknis og fanga er lögreglumaður viðstaddur þegar þess gerist þörf ef ástand manna er með þeim hætti að þeir gætu beitt sér gegn læknum. Skýrari ákvæði hafa verið sett inn í verklagsreglur um fangavörslur um að fangi eigi rétt á heilbrigðisþjónustu sem hann hefur þörf fyrir og skal fangavörður upplýsa fangann um það. Þá skal í hverju tilviki fyrir sig fara fram einstaklingsbundið mat á því hvort þörf sé á viðveru lögreglu í læknaviðtölum. Við matið er áhersla lögð á öryggi læknis og fanga. Þá er kveðið á um að óski lækni eftir viðveru lögreglu í læknaviðtali skal ávallt orðið við því.

Embættið á í virku samtali við SAK þar sem unnið er að verklagi varðandi vistun þeirra sem lenda í höndum lögreglu vegna geðræns ástands. Ákveðin skref hafa verið stigin til að tryggja að þeir sem þurfa aðeins þjónustu heilbrigðiskerfisins verði ekki vistaðir í fangaklefa. Virkt samráð og samvinna er á milli embættisins og heilbrigðiskerfisins um þjónustu við þá sem eru handteknir.

Upplýst er að stjórnendur embættisins hafa að beiðni sinni fengið aðgang að mælaborði um fangavörslur og handtökur fyrir embættið. Tölvudeild ríkislögreglustjóra hefur umsjón með uppsetningu slíkra mælaborða sem sækja gögn í LÖKE enda er málaskrárkerfi lögreglu á forræði RLS.

VII. Kafli 10 Upplýsingagjöf og skráning

Í kaflanum er tveimur tilmælum beint til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra að:

- *Tryggja að upplýsingar um kvörtunar- og kæruleiðir séu kynntar kerfisbundið og að starfsmönnum sé leiðbeint sérstaklega um hvernig gæta beri að þessum réttindum þeirra sem vistaðir eru í fangageymslu.*



Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

Fórunnarstræti 138 - 600 Akureyri - Sími 444 2800
Kt. 670814-0410

- *Gæta að nákvæmni við skráningar í vistunarskýrslur, einkum um hvenær handteknum einstaklingi er sinnt.*

Embættið telur eðlilegt að leiðbeint verði um kæruleiðir á eyðublaði fyrir handtekna sem vistuðum er afhent. Þar sem ríkislögreglustjóri fer með samræmingarhlutverk í lögreglunni hefur ábendingu um þetta verið komið á framfæri við embættið. Þá er það markmið embættisins að gæta ávallt að nákvæmni við skráningar í vistunarskýrslur og verklagsreglur í samræmi við það.

Virðingarfyllt,
Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri.